


# Skólanámskrá Borgarhólsskóla



## Efnisyfirlit

Saga Borgarhólsskóla .....	2
Stefna skólans.....	3
Skólasýn .....	3
Uppeldisstefna skólans .....	4
Kennslufræðileg stefna og kennsluhættir .....	4
Réttur og ábyrgð nemenda .....	4
Grunnhættir menntunar – útfærsla skólans .....	6
Læsi .....	6
Sjálfbærni .....	6
Heilbrigði og velferð .....	7
Lýðræði og mannréttindi .....	7
Jafnrétti.....	7
Sköpun.....	8
Markmið náms.....	8
Námsmat og vitnisburðarkerfi.....	9
Mat á skólastarfi .....	9
Innra mat .....	9
Ytra mat.....	10
Ársskýrsla.....	10
Heimasíða.....	10
Umbótaáætlun .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Samstarf við heimili, skóla og samfélag .....	10
Samskipti heimila og skóla .....	10
Internet .....	10
Mentor .....	11
Haustfundir.....	11
Samræða skólastiga .....	11
Samræða grunn- og framhaldsskóla .....	11
Tengsl við nærsamfélagið .....	11
Áætlanir .....	13
Móttaka nýrra nemenda:.....	13
Skólabyrjun .....	13
Móttaka nemenda með íslensku sem annað tungumál: .....	13
Eineltisáætlun Borgarhólsskóla.....	14
Jafnréttisáætlun Borgarhólsskóla .....	17
Viðbrögð við áföllum .....	20
Forvarnarstefna.....	21
Skólareglur nemenda við Borgarhólsskóla .....	22

## Saga Borgarhólsskóla

Árið 1896 var fyrst byggt sérstakt hús fyrir barnafræðslu á Húsavík, áður hafði sú fræðsla farið víða fram í hreppnum t.d. í prestbústaðnum og kaupmannshúsinu. Í þessu húsi var einnig þinghús hreppsins. Unglingaskóli tók til starfa um 1906. Nýtt skólahús var svo reist við Borgarhól sumarið 1908 og tekið í notkun í nóvember sama ár. Fluttu barnaskólinn og unglingskólinn í nýja húsnæðið. (Þetta skólahús stendur nú við Stóragarð 6 og er nýtt sem íbúðarhús). Á þessum árum voru nemendur Barna-skólans rúmlega sextíu og kennt í þremur bekkjardeildum. Fljótlega fór að gæta þrengsla og fór ýmis kennsla fram annars staðar í bænum. Eins og áður hefur komið fram var Unglingaskólinn í sama húsnæði, tveir skólar voru því undir sama þaki og störfuðu sömu kennarar oft í báðum skólum. Gagnfræðaskóli Húsavíkur hóf starfsemi 1945 og tók við af unglingskólanum. Skólinn var fyrst í gistihúsinu Garðarshólma með tvær stofur á leigu. Nemendur voru 36 í tveimur bekkjardeildum. Árið 1945 keypti Húsavíkurhreppur Garðarshólma og var húsið alfarið nýtt undir Gagnfræðaskólann. (Hús þetta stendur nú við Stóragarð 4 og er íbúðarhús). Skólaárið 1950-51 voru 130 nemendur í sex bekkjardeildum í Barnaskóla Húsavíkur og fjölgaði stöðugt næstu árin. Árið 1960 var nýtt skólahús tekið í notkun og fluttu bæði Barna- og Gagnfræðaskólinn í húsnæðið. Barnaskólinn notaði sex skólastofur en Gagnfræðaskólinn fjórar. Kennarastofa og verknámsaðstaða voru samnýttar. Á árunum 1972-1974 flutti Gagnfræðaskólinn í nýtt húsnæði sérstaklega byggt undir starfsemi hans rétt við Barnaskólann. Það húsnæði hýsir nú Framhaldsskólann á Húsavík. Hafist var handa við að byggja við Barnaskólann árið 1990, fyrst var byggð stjórnunarálf með aðstöðu fyrir kennara, bókasafn skólans, Tónlistarskóla Húsavíkur og fleira. Í öðrum áfanga voru meðal annars byggðar almennar kennslustofur og raungreinastofur. Þessu verki lauk árið 1998. Árið 1992 fékk Barnaskóli Húsavíkur nafnið Borgarhólsskóli og varð smám saman að heildstæðum grunnskóla með nemendur í 1.– 10. bekk. Nemendur 10. bekkjar voru fyrst brautskráðir frá Borgarhólsskóla vorið 1994. Breytingum á list- og verknámsaðstöðu í skólanum var að mestu lokið haustið 2000. Í upphafi skólaárs 2001 -2002 var nemendum í fyrsta skipti boðið að kaupa heitan mat í hádegishléi. Í skólabyrtjun haustið 2003 lauk framkvæmdum við fyrsta hluta skólalóðar. Búið er að malbika svæðið framan við nýja anddyri að austanverðu, þar sem yngstu nemendur ganga um, og setja upp leiksvæði og leiktæki á lóðinni. Vandað var til verksins og standast leiktækin öryggiskröfur og þeim haganlega fyrir komið. Einnig var ný tölvustofa tekin í notkun með fullkomnum tækjum. Bætti þetta mjög aðstöðu til kennslu í tölvu- og upplýsingamennt.


Það var mikið um dýrðir í skólanum þegar mötuneyti skólans tók til starfa 6.janúar 2014. Samkvæmt teikningum sem til voru af skólanum var byggt við skólann í suðurátt út frá salnum og þar komið fyrir eldhúsi og uppþvottaðstöðu. Nemendur og starfsfólk borða í sal skólans.

## Stefna skólans

### Borgarhólsskóli hefur að leiðarljósi

Að nemendur tileinki sér:

- Víðsýni – Framsýni – Ábyrgð
- Sjálfsvirðingu
- Heiðarleika – Þekkingu – Félagsfærni
- Jákvæðni



### Skólasýn

Skútan sýnir það sem við viljum að nemendur tileinki sér á skólagöngu sinni en skútan getur einnig verið táknað fyrir skólagöngu nemenda.

**Sjórin:** *Þangað liggur beinn og breiður vegur.* Andrúmsloft og viðhorf skólasamfélagsins einkennist af jákvæðni. Við erum jákvæð gagnvart hvort öðru, nemendum og foreldrum. Og við greiðum götu nemenda við námið.

**Stafninn:** *Fyrir stafni er haf og himinninn.* Skipulagið í skólanum, inntak kennslu, markmið og leiðir einkennist af framsýni, þ.e. tekur mið af þörfum nemenda hverju sinni og býr þá með markvissum hætti undir framtíðina.

**Skutur:** *Bruna þú nú bátur minn.* Ferðalaginu er hagað af ábyrgð – gagnvart okkur sjálfum, því sem tekist er á við, umhverfinu, námi og hegðun.

**Seglið:** *Svífðu seglum þöndum, svífðu burt frá ströndum* Það sem gefur okkur kjark og þor til að halda ferðalaginu áfram og takast á við það sem er út við ystu sjónarrönd af og með sjálfsvirðingu.

**Skjöldur:** Það sem gerir manneskjur að sterkum einstaklingum, gerir þeim kleift að takast á við verkefni og áskoranir lífsins er þekking, færni í mannlegum samskiptum og heiðarleiki.

**Toppurinn:** *Hvað er bak við ystu sjónarrönd.* Á siglingunni, frá 1. bekk og upp í 10. öðlast einstaklingurinn víðsýni – þ.e. lærir að bera virðingu fyrir öðrum, mismunandi litarafti, trúarbrögðum, venjum, siðum, hefðum, skoðunum, kynhneigð.....

### Markmið

- Að nemendur rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- Að nemendur öðlist færni í tjáskiptum.
- Að nemendur sýni frumkvæði í að rækta eðlislæga sköpunargáfu.
- Að nemendur öðlist samfélagslega yfirsýn.
- Að nemendur læri að móta eigin ímynd og styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi.
- Að nemendur þroski með sér alþjóðavitund og skilning á umhverfisvernd.
- Að nemendur þroski með sér virðingu fyrir náttúrunni.

## Framkvæmd

- Eineltisáætlun Olweusar (hópvinna-einstaklingsábyrgð-félagsleg ábyrgð)
- Jákvæður agi
- Bekkjárfundir
- Námsfni (bækur-gagnabanki)
- Salur (tjáning-leiklist-tónlist)
- Foreldrasamstarf
- Gagnvirk samskipti á vef skólans
- Viðhorfakannanir

## Uppeldisstefna skólans

Unnið er samkvæmt upveldisstefnunni Jákvæður agi ( Positive discipline) í skólanum. . Stefnan byggir á svokallaðri “sjálfstjórnarkenningu”, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Hugmyndafræðin “jákvæður agi” gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf sem eru sjálfstraust, að tilheyra og áhrif. Einnig fjórar tegundir hæfni sem eru innsæi/tilfinningagreind, samskiptahæfileika, ábyrgð og dómgreind. Þessir þættir eru m.a. kenndir og þjálfaðir með markvissum hætti á bekkjárfundum.

## Kennslufræðileg stefna og kennsluhættir

Haustið 2015 tók skólinn upp teymis – og samkennslu árganga. Teymiskennslan gengur út á að ákveðin teymi umsjónarkennara, þroskaþjálfara/iðjuþjálfara og stuðningsaðila deila með sér kennslu, skipulagi, öðrum störfum og ábyrgð á tveimur árgöngum . Samkennslan felst í því að tveir árgangar eru saman í umsjónarbekkjum og kennslan fer fram þvert á árgangana með fjölbreyttum hætti. Stefna skólans er að koma til móts við alla nemendur þar sem þeir eru staddir með fjölbreyttum kennsluháttum og aukinni einstaklingsmiðun.

## Réttur og ábyrgð nemenda

**Réttindi** Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við hæfi. Námsumhverfi skal vera hvetjandi og taka mið af þörfum nemenda og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af til þess bærum sérfræðingum. (13. gr. grunnskólalaga, 12.06 2008) . Markmið skólareglna er að efla góðan starfsanda og ábyrgð nemenda á námi sínu og hegðun. Nemendur eiga rétt á að starfa í skólanum við fyllsta öryggi og að fá að njóta hæfileika sinna. Því þurfa öll samskipti milli nemenda innbyrðis og við starfsfólk skólans að byggjast á gagnkvæmri virðingu og jákvæðum aga.

**Ábyrgð** Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda. Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri (sbr. 32. gr. grunnskólalaga). Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. (úr 14. gr. grunnskólalaga, 12.06 2008)

Jákvæður agi bætir kennslu og námsumhverfi skólans og eykur líkur á því að nemendur öðlist eðlileg viðmið varðandi sjálfsaga. Sjálfsagi og virðing fyrir lögum og reglum stuðlar að auknum rétti einstaklinga. Engum er heimilt með óæskilegri og truflandi hegðun að skerða rétt annarra til náms og starfa í skólanum. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans í öllu sem skólann varðar.

## Grunnþættir menntunar – útfærsla skólans

Í aðalnámskrá grunnskóla er talað um 6 grunnþætti menntunar sem eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Grunnþættirnir eiga að vera almennt leiðarljós í allri menntun í grunnskóla. Grunnþættirnir eru:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

### Læsi

Undanfarið misseri hefur verið unnið að læsisstefnu Borgarhólsskóla. Markmiðið er að samræma áherslur og vinnubrögð í læsiskennslu á öllum skólastigum skólans. Í læsisstefnunni er lögð áhersla á mikilvægi fjölbreyttra kennsluhátta og samstarfs heimilis og skóla þegar kemur að lestrarnámi barna.

Læsi er samheiti fyrir marga færniþætti. Marga þeirra mælum við og metum með stöðluðum prófum. En í læsi felst ekki síður merkingarsköpun sem ræðst af ýmiss konar úrræðum sem lesandi beitir og fjölþættum samskiptum sem eiga sér stað í skólastarfinu. Einnig má tala um læsi sem hæfni lesandans í að lesa á merkingarbæran hátt í margs konar táknerfi og miðla s.s myndir, tónlist, grafík, hljóð og fl.

Nú standa yfir umtalsverðar breytingar á kennsluháttum í skólanum þar sem við förum úr hefðbundnu bekkjarkerfi með afgerandi skilum á milli stiga yfir í teymis- og samkennslu þar sem veggir stiganna – yngsta stig, miðstig og unglingsstig, verða brotnir niður. Markmiðið með þessum breytingum er m.a að skapa nemendum og kennurum betri aðstöðu. Einnig að skapa umgjörð sem býður uppá sveigjanleika og fjölbreyttari leiðir fyrir nemendum í námi.

### Sjálfbærni

Hugtakið sjálfbærni hefur alls konar merkingu. Hér áður hugsuðu flestir um sjálfbærni sem getuna til þess að vera sjálfum sér nógur, geta bjargað sér með mat og það sem manneskjan þarf til að komast af í veröldinni. Sjálfbær þróun gekk út á að fólk nýtti náttúruna og umhverfið án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Í dag er hugtakið viðameira. Til að fólk verði sjálfbært í dag og skilji hugtakið verðum við að öðlast skilning á ástandi jarðar, umhverfismálum, efnahagsmálum og samfélagsmálum. Hlutverk skóla og kennara er mikilvægt þegar kemur að því að börn alist upp við sjálfbæra þróun.

Nemendur verða að fá tækifæri til þess að kynnast náttúrunni til að vilja vernda hana. Því leggjum við áherslu á útinám í kennslunni. Markmiðið er að opna augu nemenda fyrir umhverfinu og náttúrunni og skapa þeim tækifæri til þess að rannsaka, skoða og njóta. Í samfélagsfræði á unglingsstigi er unnið með fjölmiðla, fréttir, frásagnir, heimildamyndir og kvikmyndir til að opna augu nemenda fyrir hvernig þjóðir heims búa og haga sér. Í

náttúrufræðikennslu á öllum skólastigum er unnið með hringrás lífsins, ljóstillífun, vistkerfið, náttúruna, gróður og dýr. Á miðstigi er unnið með nánasta umhverfi nemenda, söguna, samfélagið og náttúruna.

### **Heilbrigði og velferð**

Undanfarin ár hefur skólinn verið þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli. Innan skólans hefur verið starfandi heilsuteymi sem hefur beitt sér fyrir fræðslu og verkefnum um heilbrigði og velferð. Leitast hefur verið við að auka hreyfingu í skólanum, fjölga hreyfitímum, bjóða nemendum sem hafa lítið úthald í bóklegum fögum uppá auka hreyfitíma og sund.

Til að þjálfa nemendur með markvissum hætti í jákvæðum samskiptum, vináttu, virðingu, samhygð og umburðarlyndi höfum við tekið upp uppeldisstefnuna Jákvæðan aga sem gengur út á að þjálfa nemendur í þessum þáttum. Allir árgangar eru með bekkjafundi í hverri viku þar sem nemendur þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum, að standa fyrir máli sínu, rökræða, hlusta á rök annarra og leysa ágreining á farsælan hátt. Við leitumst við að styrkja sjálfmynd nemenda með því að bjóða uppá valgreinar þar sem nemendur velja viðfangsefni og námsgrein út frá eigin styrkleikum og áhuga. Einnig bjóðum við uppá vinnustofur þar sem nemandinn velur sjálfur hvaða námsgrein hann vinnur með. Nemendur eiga alltaf greiðan aðgang að námsráðgjafa sem aðstoðar þá við námstækni eða annað sem hvílir á þeim s.s.kvíða, samskiptamál, framtíðarplön og fl. Nemendur geta einnig leitað til hjúkrunarfræðings alla daga og rætt það sem brennur á þeim. Hjúkrunarfræðingur sinnir einnig fræðslu og forvörnum varðandi heilbrigði og velferð. Skólinn hefur lagt línurnar varðandi nesti nemenda sem á að vera hollt og gott. Matseðill mótuneytis skólans er yfirfarinn af næringarfræðingi sem gerir athugasemdir ef matseðillinn er ekki samkvæmt ráðum lýðheilsustöðvar um hollustu og samsetningu mataræðis.

### **Lýðræði og mannréttindi**

Með fjölbreyttum vinnubrögðum og kennsluáferðum leitast kennara við að efla lýðræðislega þátttöku nemenda. Í umræðuhópum á vikulegum bekkjarfundum eru nemendur hvattir til að taka afstöðu til siðferðislegra álitamála með virkri þátttöku í umræðunni. Með vinnustofum, áhugasviðsverkefnum og valgreinum er tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar á þeirra eigin námi. Nemendur fá einnig fá einnig markvissa fræðslu með því að læra um lýðræði í lýðræði í samfélagsfræði á unglingsstigi.

### **Jafnrétti**

Borgarhólsskóli starfar í anda stefnunnar *skóli án aðgreiningar*. Í skóla án aðgreiningar er einsleitni hafnað og öllum tekið fagnandi. Í Borgarhólsskóla eru nemendur með mismunandi litaraft, ólíkan bakgrunn, mismunandi trúarbrögð og þjóðerni, búa við fötlun og fl. Menntun er réttur allra og markmiðið í skólastarfinu er að allir taki virkan þátt og eigi raunverulega hlutdeild í skólastarfinu. Fatlaðir nemendur skólans sækja alla sameiginlega tíma og viðburði árgangansins sem þeir tilheyra að svo miklu marki sem þeir sjálfir þola og kjósa. Þannig átta börn og unglingar sig á því að einstaklingar með fötlun eru að flestu leyti alveg eins og þau sjálf.



Fjölmenningunni hömpum við með ákveðnum og reglubundnum þemaverkefnum þar sem verkefnin tengjast þjóðarbrotunum í skólanum. Í 5. bekk vinna nemendur verkefni sem heitir *nemandi dagsins* og þar þurfa nemendur að segja frá sjálfum sér, uppruna sínum og fjölskylduaðstæðum. Í 6. bekk vinna þau verkefni sem fjallar um forelda og þeirra ævi og í 7. bekk eru það amma eða afi sem eru viðfangsefnið. Þessi verkefni byggja á rannsóknarvinnu, viðtölum og kynningu. Þessi verkefni tengja saman kynslóðir og börn og fullorðnir deila saman reynslu. Leitast er við að samvefja jafnréttismenntun og hugsun öllu skólstarfinu. Nemendur að báðum kynjum hafa sömu réttindi og skyldur en jafnframt fer fram markviss jafnréttisfræðsla innan námsgreina og námsráðgjafi fer í bekkina með fræðslu og umræðu um jafnrétti.

## Sköpun

Það er draumur okkar og markmið að kennsla og starf í Borgarhólsskóla sé skapandi og miði að skapandi vinnubrögðum, hugsun og úrvinnslu nemenda. Það sem við gerum til að efla slík vinnubrögð er að;

- áhugasviðsverkefni á unglíngastigi þar sem nemendur hafa fullkomið frelsi um viðfangsefni en þurfa að vinna inn í ákveðnum ramma s.s. varðandi úppsetningu eða skil.
- vinnustofur þar sem nemendur ákveða sjálfir hvaða námsrein þeir vinna í og eiga úr mismunandi greinakennurum að velja.
- valgreinar á unglíngastigi.
- kennsluáðferðir á öllum skólastigum sem kalla á þekkingarleit, sjálfstæðar athuganir, beitingu ímyndurarafls, samskipti, flutning og miðlun.
- samstarf við tónlistarskólann þar sem nemendur á yngri stigum velja sér hljóðfæri að læra á, án þess að foreldrar greiði fyrir slíkt nám.
- tónlistarval á unglíngastigi þar sem nemendur velja sér tónlistarnám án endurgjalds.
- Leiksýningar og viðburðir sem nemendur bera hita og þunga af.
- Framkoma allra bekkja á sal einu sinni á skólaárinu þar sem nemendur setja saman og flytja dagskrá fyrir samnemendur, foreldra og kennara.

## Markmið náms

Markmið náms er að efla hæfni einstaklinga til að takast á við áskoranir daglegs lífs í dag og framtíð einstaklinga. Það er ætlun okkar að grunnþættirnir endurspeglar í starfsháttum skólans, séu sýnilegir í daglegu starfi skólans og komi fram í inntaki námsgreina. Haft er að leiðarljósi að nemendur tileinki sér þekkingu og leikni og öðlist þá hæfni sem stefnt er að í námi. Uppeldisstefna skólans stuðlar að heilbrigði og velferð nemenda, einnig lýðræði, mannréttindum og jafnrétti. Teymis- og samkennsla kennara og nemenda stuðlar að auknum samskiptum, skapandi vinnubrögðum og fjölbreyttum kennsluáðferðum. Fastir liðir innan skólans svo sem samkomur á sal og nán samvinna grunn og tónlistarskóla sem og áhersla á list- og verkgreinar stuðlar að skapandi vinnubrögðum og hugsun nemenda. Allt skólstarf er

undir læsi komið og við teljum okkur leggja sterkan og góðan grunn að læsi nemenda með samþættum kennsluaðferðum *Byrjendalæsis*. Í námsáætlunum hvers árgans setja kennarar fram markmið, námsefni, kennsluaðferðir, hvernig lykilkættirnir koma fram í kennslu námgreinar og námsmat. Kennsluáætlanir teyma eru birtar á heimasíðu skólans.

## Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmatskerfi skólans er leiðsagnarmat unnið í Mentor. Námsmat fer fram með reglulegu millibili á skólaárinu. Allt mat er opið foreldrum í Mentor. Nemendur í 4., 7. og 10. bekk taka samræmd próf. Í verkgreinum fer fram símat á vinnuframlagi, áhuga og færni nemenda. Í 1. bekk byrja nemendur að safna sýnishornum af vinnu sinni í sýnismöppu. Sýnismappan fylgir nemendum upp í 7. bekk og á hverju ári er ákveðnum verkefnum safnað þar. Á vorin er sýnismöppudagur þar sem foreldrum er boðið að koma og skoða möppuna. Á unglingsstigi taka nemendur skrifleg og munnleg próf. Að vori fá allir nemendur bókstafseinkunn A-D.

## Mat á skólastarfi

### Innra mat

Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grundvallaratriði í innra mati er að það stuðli að umbótum sem bæta skólastarfið og efla skólaþróun. Rannsóknir hafa leitt í ljós að innra mat er lykilaatriði í umbótastarfi skóla. Innra mat Borgarhólsskóla er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í skólanum þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Skólar hafa val um aðferðir við mat á innra starfi skólans. Í Borgarhólsskóla er unnið eftir ákveðnum römmum um sjálfsmat sem byggja á gæðaviðmiðum Mennta- og menningarmálastofnunar og sett eru fram í bæklingnum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum* (útg. 2018). Innra mat Borgarhólsskóla er í sífelldri þróun og samofið skólastarfinu út frá áhersluþáttum sem Aðalnámsskrá grunnskóla, skólafélag Norðurlands og skólanámskrá Borgarhólsskóla kveða á um.

Skólastjóri Borgarhólsskóla er ábyrgur fyrir að innra mat sé viðhaft í skólanum. Innra mati er stjórnað af matsteymi sem er teymi úr starfsmannahópi skólans en allir starfsmenn, foreldrar og nemendur eiga þátt í innra matinu. Starfsfólk, nemendur og foreldrar hafa sitt að segja um framkvæmd matsins í gegnum starfsmannafundi, kennarafundi, nemendafundi og skólaráð. Leitað er til allra hópa þegar gagna er aflað og leitast er við að afla gagna með fjölbreyttum aðferðum s.s. vettvangsathugunum, rýnihópum, námsmati og líðan- og viðhorfskönnunum þar sem leitað er eftir skoðunum og reynslu nemenda, foreldra og starfsfólks á ákveðnum þáttum. Jafnframt eru matstæki og gátlistar hinna ýmsu verkefna sem skólinn tekur þátt í nýtt til mats.

Langtímaáætlun innra mats er gerð til fjögurra ára þar sem tilteknir eru matsþættir fyrir hvert skólaár. Á hverju hausti er lögð fram í starfsáætlun nákvæm áætlun um innra mat skólaársins (starfsáætlun matsnefndar). Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun eru unnar í kjölfar innra mats í lok hvers skólaárs og birt á heimasíðu skólans. Í umbótaáætlun eru tilgreindar aðgerðir fyrir hvern umbótaþátt og markmið umbótanna. Tímasetning umbótanna er

ákveðin og hver beri ábyrgð á framkvæmdinni. Starfsþróun kennara er hluti af umbótum og þess gætt að samræmi sé milli umbótaáætlunar og starfsþróunaráætlunar.

### **Ytra mat**

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla og ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra mati og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Ráðuneyti eða Menntamálastofnun í umboði þess annast greiningu og miðlun upplýsinga frá sveitarfélögum og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ytra mat á starfi Borgarhólsskóla fór síðast fram árið 2015.

### **Ársskýrsla**

Árlega sendir skólinn frá sér viðamikla skýrslu um skólahaldið þar sem sagt er frá starfsemi skólans á greinagóðan hátt.

### **Heimasíða**

Skólinn heldur úti heimasíðu þar sem upplýsingar um daglegt starf og stefnumótun skólans eru aðgengilegar.

## **Samstarf við heimili, skóla og samfélag**

### **Samskipti heimila og skóla**

Í Borgarhólsskóla er unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur sem best undir líf og starf. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Hlutur grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu (Aðalnámskrá - alm. hluti bls. 14).

Við skólabyrjun að hausti er boðað samtals milli kennara, nemenda og foreldra allra nemenda. Meginmarkmið er að fara yfir náms- og félagslega stöðu nemandans og gera áætlun um framhaldið. Þetta er gert tvisvar til fjórum sinnum með formlegum hætti á skólaárinu, tvisvar með samtali og tvisvar í gegnum netpóst.

### **Internet**

Heimasíða skólans er nýtt vel til upplýsingagjafar sem og feisbókarsíða. Umsjónarkennarar senda heim oftast vikulegan póst um starfið í skólanum.

## **Mentor**

Allir kennara hafa aðgang að skólaskráningarkerfinu Mentor og er þeim skylt að setja þar inn ýmsar upplýsingar. Nemendur og foreldrar hafa síðan aðgang að þessum upplýsingum með aðgangsorðum sínum. Kerfið er notað til að halda utan um upplýsingar sem varða nám og gengi nemandans og til að stuðla að öruggum samskiptum milli skóla og heimilis.

Kennarar og allir aðrir starfsmenn skólans eru bundir þagnareiði um það sem fer fram í skólanum og snertir einkamál nemenda og foreldra þeirra. Starfsmönnum ber að gæta þess að fara varfærnislega með trúnaðargögn s.s. skýrslur um nemendur, útprentanir úr dagbók nemenda í mentor, prófúrlausnir og einkunnir þannig að þær upplýsingar lendi ekki í röngum höndum. Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra er samkvæmt íslenskum lögum.

## **Haustfundir**

Haustfundir hafa verið fastur liður í mörg ár og ávallt með sama sniði. Síðastliðið ár breyttum við til og héldum Skólalöng sem var seinnipart dags. Þessi undirbúningsvinna er í höndum teymis um jákvæðan aga. Hugmyndir er að kynna starfsemi skólans, fá hugmyndir frá foreldrum, foreldrar geta heimsótt stofur og kennara o.s.frv.

## **Samræða skólastiga**

Borgarhólsskóli er í samstarfi við leikskólann Grænuvelli. Markmiðið er að koma til móts við þarfir 5 ára barna leikskóla og foreldra þeirra við undirbúning grunnskólagöngu barnsins og auðvelda börnunum að stíga sín fyrstu skref í Borgarhólsskóla. Samstarfið hefur verið ríkulegt og miðað að því að fá sem gleggsta mynd af hvað komi nemandanum og foreldrum að mestu gagni. Samstarfið einkennist af gagnkvæmri virðingu, uppfræðslu og miðlun upplýsinga. Á skólaárinu eru tvær heimsóknir í leikskólana á haustönn. Á vorönn er markmiðið að fá 5 ára nemendurna hingað í heimsókn í þrjú skipti og síðan verður þeim boðið í vorskóla þrjá daga í lok maí þar sem komandi umsjónarkennarar vinna með þeim tvo tíma á hverjum degi.

## **Samræða grunn- og framhaldsskóla**

Öllum nemendum í 10. bekk Borgarhólsskóla er boðið í heimsóknir í Menntaskólann á Akureyri, Verkmenntaskólann á Akureyri og í Framhaldsskólann á Húsavík.

Í þessum heimsóknum eru námsbrautir skólanna kynntar, skólarnir skoðaðir og farið yfir inntökuskilyrði hverrar deildar. Nemendur fá einnig kynningu á því félagslífi sem stendur nemendum framhaldsskólanna hér í bæ til boða innan

skólanna. Námsráðgjafar MA og VMA bjóða upp á fræðslufund fyrir foreldra þar sem skólarnir eru kynntir.

## **Tengsl við nærsamfélagið**

Á hverju hausti fara árgangar skólans í gönguferðir um nærumhverfi skólans, 1. – 3. bekkur ganga um skóginn í Húsavíkurfjalli, 4. – 5. bekkur fara á golfvöllinn, 6. bekkur upp að Botnsvatni og 7. bekkur uppá Húsavíkurfjall. Unglingastig fer í lengri göngur og þau ganga um Jökulsárgljúfur og í Vesturdal. Tveir árgangar í skólanum eru í Hvalaskóla á vorin en það er

samvinnuverkefni Hvalasafnsins á Húsavík og Borgarhólsskóla. Unglingastig fer í siglingu á vorin með Hvalaskoðunarfyrirtæki um Sjálfandafljót og 4. bekkur fer í sveitaferð þar sem heimsótt eru mismunandi bú í nágretta sveitum Húsavíkur.

## Áætlanir

### Móttaka nýrra nemenda:

- Foreldri/forráðamaður hittir skólastjóra við innritun.
- Gagna um nemandann er aflað og stundaskrá útbúin.
- Skólastjóri skipuleggur fund með umsjónarkennara, forráðamanni og nemanda þegar stundaskrá er tilbúin. Á þessum fundi sýnir umsjónarkennari/ritari nemanda og foreldrum skólahúsnaðið, útvegar honum gögn og kynnir starfsemi skólans, s.s. skólareglur o.fl.
- Komi nýr nemandi í bekkinn undirbýr umsjónarkennari komu hans og fylgist með aðlögun hans upp frá því.

### Skólabyrjun

Skólaheimsókn þar sem fimm ára börn koma í heimsókn eftir áramót.

- Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólann.
- Nemendur koma í vorskóla í þrjá daga í maí þar sem börnin kynnast skólanum og helstu námsgreinum.
- Fyrsta skóladag er barn og foreldrar þess boðaðir í einstaklingsviðtal við umsjónarkennara.
- Nemendum og foreldrum er sýndur skólinn.
- Nemendur af Grænuvöllum koma reglulega í Borgarhólsskóla/Tónlistarskóla í tónlistartíma.

### Móttaka nemenda með íslensku sem annað tungumál:

Lögð er áhersla á að tekið sé vel á móti nemendum af erlendum uppruna þegar þeir hefja nám og að aðlögun þeirra að skóla og samfélagi verði jákvæð.


Íslenska sem annað tungumál felur í sér þjálfun í íslensku og þátttöku í íslenskrri menningu. Nemendurnir hafa oft ólíkan menningar-, mállegan- og námslegan bakgrunn. Þess vegna er mikilvægt að aðstoða þá að aðlagast nýjum háttum, siðum og nýju skólakerfi.

Tryggja þarf félagslega stöðu nemenda í skólanum. Áhersla er lögð á að nemendur fái sambærilega menntun og aðrir nemendur á meðan þeir eru að tileinka sér íslensku.

Fjölmenningarstefna – smelltu HÉR

Gátlisti & hugmyndir – smelltu HÉR

## Eineltisáætlun Borgarhólsskóla



### 1. Stefnuyfirlýsing

*Starfsfólk og nemendur Borgarhólsskóla lýsa því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum.*

Skólinn á að vera öruggur staður þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og leggur áherslu á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Borgarhólsskóli vinnur samkvæmt áætlun sem byggir á kerfi Dan Olweusar og hefur skilað góðum árangri í baráttunni gegn einelti. Hún byggir ekki einungis á ákveðnum viðbrögðum þegar einelti kemur upp heldur er einnig um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða .

### 2. Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið eða viðstöðulaust áreiti eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt framkvæmt af einstaklingi eða hópi einstaklinga sem veldur öðrum viljandi tjóni, óþægindum eða vanlíðan. Einelti getur haft alvarlegar afleiðingar og haft áhrif á nám, líðan og félagsþroska bæði fyrir þolanda og geranda.

Það er þrennt sem einkennir eineltishugtakið samkvæmt Olweus, það er:

- Árásahneigð (ýgi-) eða illa meint atferli.
- Endurtekning sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afls og valda í samskiptum.

Einelti getur birst í mörgum myndum, það getur verið:

- **Líkamlegt:** Barsmíðar, hrindingar, spörk

- **Munnlegt:** Niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni og uppnefni.
- **Skriflegt:** Tölvupóstur, smáskilaboð, krot, bréfasendingar.
- **Óyrt:** Augngotur, háðsglott, niðrandi tákni.
- **Óbeint:** Baktal, útskúfun, útilokun.
- **Efnislegt:** Eigur skemmdar eða þeim stolið
- **Andlegt:** Barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.

### **3. Vísbendingar um einelti**

Einhverjar eftirtalinna vísbendinga koma gjarnan fram ef um einelti er að ræða ef nemandinn:

- Er hræddur við að ganga einn í skólann eða heim.
- Vill ekki fara í skólann
- Kvartar undan vanlíðan á morgnana og í skólanum.
- Hættir að sinna náminu, einkunnir lækka.
- Kemur heim með rifin föt og skemmdar námsbækur.
- Byrjar að stama, missa sjálfstraustið.
- Leikur sér ekki við önnur börn.
- Neitar að segja hvað amar að.
- Kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki skýrt.
- Verður árásargjarn og erfiður viðureignar.
- Kemur heim í öllum hléum skólans.
- Vill ekki taka þátt í félagsstörfum.
- Er oft með slæma matarlyst, höfuðverk eða magapínu.
- Sefur illa, fær martraðir og grætur jafnvel í svefni.
- Fram kemur aukin peningaþörf.

### **4. Nemendaverndarráð/eineltisteymi**

Fulltrúar nemendaverndarráðs gegna hlutverki eineltisteymis í Borgarhólsskóla. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi, sálfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur. Alltaf er hægt að vísa málum til ráðsins sem fundar hálfsmánaðarlega og/eða eftir þörfum.

Eineltisteymi hefur umsjón með og sinnir faglegru forystu í eineltismálum innan skólans. Það veitir starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum leiðsögn í málum sem upp kunna að koma.

### **5. Fyrirbyggjandi aðgerðir**

Nemendur verði fræddir um stefnu skólans:

***Hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í Borgarhólsskóla.***



Nemendur fá kynningu á áætlun gegn einelti í skólanum. Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki við að efla samskipti innan bekkja og sjá um fræðslu um einelti, einkenni þess og áhrif og að það eigi aldrei að líðast.

Reglulegir bekkjafundir eru í hverjum bekk þar sem rædd eru málefni bekkjarins og ýmis mál er lúta að skyldum okkar og ábyrgð í samfélaginu.

Í hverri bekkjarstofu er veggspjald sem sýnir eineltishring Olweusar sem kynntur er fyrir nemendum og ræddur innan bekkjarins undir stjórn umsjónarkennara. Kennarar eru hvattir til að kortleggja samskipti í bekknum sínum með því að leggja fyrir tengslakannanir sem hæfa aldri nemenda á hverjum vetri eða þegar ástæða þykir. Nemendur eru hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita ef þeir eða aðrir verða fyrir einelti eða ofbeldi.

Dagur gegn einelti í Borgarhólsskóla er haldinn á hverju ári.

## **6. Viðbragðsáætlun**

### ***Könnunarstig***

- Umsjónarkennarinn er í lykilhlutverki í öllum eineltismálum. Vakni grunur um einelti þarf tilkynning að berast til umsjónarkennara þolanda og geranda. Þeir byrja á því að ræða einslega við þá nemendur sem nefndir eru og athuga hvort vísbendingar eiga við rök að styðjast.
- Annað starfsfólk sem vinnur með nemendum er látið vita um aðstæður til þess að það geti fylgst vel með þeim sem hlut eiga að máli utan kennslustofu og í frímínútum. Starfsmenn skrá það sem þeir sjá og heyra þegar þeir fylgjast með og koma skráningu til umsjónarkennara.
- Umsjónarkennari ræðir við bekkinn og leggur fyrir tengslakönnun ef honum finnst ástæða til.
- Samband haft við foreldra/aðstandendur ef þurfa þykir.
- Ef ekki eru um einelti að ræða telst málinu lokið. Ef um einelti er að ræða er málinu vísað áfram.

### ***Grunur um einelti staðfestur***

- Ef grunur um einelti er staðfestur er tilkynningarblað um einelti fyllt út og það afhent bæði umsjónarkennara og námsráðgjafa til vörslu.
- Umsjónarkennari hefur samband við nemendaverndarráð sem aðstoðar með greiningu málsins.
- Umsjónarkennari ræðir við þolanda og foreldra hans. Þau lúta vita að málinu verði fylgt eftir og næstu skref útskýrð.
- Umsjónarkennari ræðir við geranda og foreldra hans. Honum verður gert ljóst að hann verði að bæta ráð sitt og að hann verði undir ströngu eftirliti.
- Umsjónarkennari vinnur samkvæmt handbók Dan Olweusar gegn einelti.

- Ef einelti hættir telst málinu lokið en fylgst áfram með geranda og þolanda. Ef einelti heldur áfram er málinu vísað áfram.

### **Frekari vinnsla málsins**

- Ef aðgerðir bera ekki árangur fundar umsjónarkennari aftur með nemendaverndarráði sem fylgir málinu eftir með frekari ráðgjöf og aðstoð við úrvinnslu.
- Geranda og foreldrum gert ljóst að skólinn sætti sig ekki við hegðunina og málinu vísað áfram.
- Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skólans er leitað til sérfræðinga á Félags- og skólaþjónustu.

### **Jafnréttisáætlun Borgarhólsskóla**

#### **Jafnrétti**

- Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2000 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri er 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmiðið með lagaskyldunni „...er að atvinnurekendur geti nýtt sér hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt um leið og þeim hindrunum sem geta verið í vegi bæði karla og kvenna er rutt úr vegi.“

#### **Ábyrgð**

- Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans. Hins vegar getur hann falið kennurum / starfsmönnum að semja hana og fylgja henni eftir. Nauðsynlegt að endurskoða jafnréttisáætlunina í heild sinni t.d. á þriggja ára tímabili.
- Grunnþættir menntunar eru sex og skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum allra skóla. Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar í nýrri aðalnámskrá frá 2011. Þar segir m.a.:
- *2.1.4 Jafnrétti*
- „Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis...“
- Jafnréttisáætlun Borgarhólsskóla tekur til annars vegar nemenda og hins vegar starfsmanna. Helsti áhersluþátturinn í skólastarfinu er að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái hámarksárangri og skólastarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Mikilvægt er að starfið mótist af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni, þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.
- Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta öðru fremur góðan starfsanda.
- Rétt er að benda hér á Skútu skólans sem hlaðin er gildum sem nýtast við það er viðkemur þessari áætlun (sjá <http://www.borgarholsskoli.is/is/skolinn/skolasyn>)

- Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks, því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Borgarhólsskóla að tækifæri nemenda og starfsfólks byggji fyrst og fremst á hæfileikum og færni.
- Í Borgarhólsskóla á sér reglulega stað innra mat á skólastarfinu, hvort sem um er að ræða starfsmannasamtöl, starfsmannakannanir eða kannanir meðal nemenda og foreldra. Með þessum könnunum gefst gott tækifæri til að kanna og leggja mat á stöðu jafnréttismála í skólanum.
- Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk skólans hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti.

### **Nemendur**

- Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar. Þeir eiga jafnframt að kunna að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Kennsluaðferðir eða námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms. Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhyggð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.
- Reglulega er lagðar fyrir nemendur kannanir um t.d. líðan og tengsl. Komi í ljós verulegur munur á svörum kynjanna er unnið með þær niðurstöður og kannað hvað valdi og hvað sé til úrbóta. Þetta sjálfsmat nemenda má einnig nota sem innlegg í nemenda- og foreldrasamtöl.
- Skoða á árlega einkunnir að vori í 4., 7. og 10. bekk og greina þær eftir kynjum. Ef í ljós kemur verulegur munur á einkunnum nemenda eftir kyni þarf að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða kynja verði sem jöfnust.
- Það er lykilatriði að vinna markvisst með jafnrétti í lífsleiknitímum. Þó svo að lífsleikni komi ekki inn í námskrá fyrir en í 4. bekk er allt skólastarf yngri nemenda samofið lífsleikniáherslum eða –þjálfun, nota má einnig bekkjarfundatíma sem eru á hverjum degi í öllum bekkjum.
- Vinna þarf gegn stöðluðum ímyndum kynjanna meðal annars með markvissum heimsóknnum foreldra í skóla þar sem þeir kynna mismunandi störf og starfsvettvang sinn. Einnig þarf að vinna með gildismat og fordóma í gegnum almennar umræður. Kynna þarf sérstaklega fyrir stelpum nám og störf í tækni- og iðngreinum og fyrir strákuum hefðbundin störf sem flokkast til uppeldis- og umönnunarstarfa.
- Allir kennarar skólans verða að skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttissjónarmiði. Það þarf að hafa að leiðarljósi að vinna með námsefni/kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Sérstaklega er nauðsynlegt að huga að þeim greinum sem tengjast öðru kyninu fremur en hinu, sbr. starfsval síðar á lífsleiðinni.
- Hafa ber í huga persónur yndislestrarbóka að þær séu fjölbreyttar að öllu leyti, einnig að gæta þess að lesnir séu hvoru tveggja kven- og karlhöfundar.
- Kennarar þurfa að beita fjölbreyttum kennsluháttum þannig að nemendur fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín.

- Haft er að leiðarljósi í skólastarfinu að þátttaka kynjanna í sem flestum þáttum starfsins sé sem jöfnust.
- Varðand félagslíf nemenda þarf að hafa að leiðarljósi jafnan hlut kynja við val í nemendaráð og við hvert það tækifæri þegar nemandi eða nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd.
- Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.
- Gera þarf nemendum ljóst að kynferðisleg áreitni sé ekki liðin í skólanum. Meðferð slíkra mála verða sett í ákveðinn farveg sbr. einelti og áföll. Kennarar, skólahjúkrunarfræðingur og/eða námsráðgjafi eiga að taka að sér þessa fræðslu og vinnu með nemendum. Það þarf að gera nemendum grein fyrir því að áreitni getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði. Nemendur eiga hvorki að setta sig við áreitni af hendi samnemenda né starfsmanna skólans.

### **Starfsmenn**

- Starfsmenn skólans eiga að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Þeir eiga einnig að búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er í skólanum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- Öllum starfsmönnum þarf að vera ljóst að kynferðisleg áreitni verði aldrei liðin í skólanum. Starfsmenn eiga alls ekki að setta sig við kynferðislega áreitni en áreitni getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði. Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum.
- Í anda jafnréttislaga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.
- Einelti er ekki liðið í starfsmannahópi Borgarhólsskóla en komi slík mál upp sem stjórnendateymi tekst ekki að leysa er þeim vísað til fræðslufulltrúa.
- Umræðu um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, þarf að taka upp árlega á starfsmannafundum.
- Til að jafnréttisáætlun skili árangri er nauðsynlegt að hafa skýra mælikvarða í tengslum við þau markmið sem koma fram í áætluninni. Þau matstæki sem lögð eru til grundvallar eru starfsmannasamtöl, viðhorfakannanir meðal nemenda, starfsmanna og forráðamanna.

**Jafnréttisáætlun Borgarhólsskóla byggir á;**

- Jafnréttisáætlun Norðurþings
- Skólastefnu Norðurþings 2011
- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2011
- Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011
- Skólanámskrá Borgarhólsskóla
- Heimasíðu Jafnréttisstofu; jafnretti.is. – um skólamál

**Viðbrögð við áföllum**

**Markmið:**

Hlutverk áfallaráðs er að móta vinnureglur og aðstoða starfsfólk skólans um hvernig bregðast eigi við ýmiss konar áföllum sem starfsfólk eða nemendur og aðstandendur þeirra kunna að verða fyrir eða tengjast með öðrum hætti og kalla fram sorgarviðbrögð. Áfallaráð skólans starfar af fyllsta trúnaði og gætir sérstaklega allra persónulegra upplýsinga.

Áfallaráð kemur saman og vinnur með skólastjórnendum að því að skipuleggja viðbrögð þegar þörf krefur. Skólastjórnendur bera ábyrgð á að kalla áfallaráð saman. Innan Borgarhólsskóla mynda eftirtaldir fagaðilar áfallaráð:

- Skólastjóri
- Deildarstjórar
- Námsráðgjafi
- Skólahjúkrunarfræðingur

Skólasálfræðingur og sóknarprestur munu vera áfallaráði innan handar og eru kallaðir til eftir því sem við á. Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk skólans fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Mikilvægt er að skólinn fái upplýsingar um áföll sem starfsmenn og nemendur verða fyrir eða gerast innan fjölskyldna þeirra. Með því getur skólinn brugðist við og veitt þeim sem í hlut eiga, viðeigandi stuðning. Áfall er m.a. skilgreint sem:

- Alvarlegt slys
- Alvarlegur sjúkdómur
- Missi/andlát einhvers nákomins
- Kynferðislegt ofbeldi
- Skilnaður foreldra

Tekið er tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin.

## Forvarnarstefna

Byrja skal strax við upphaf skólagöngu að sinna markvissu forvarnarstarfi. Viðfangsefnin eru breytileg og taka mið af aldri og þroska nemenda. Efla skal félags-, tilfinninga-, og siðgæðisþroska nemenda og þroska eiginleika eins og sjálfsaga, ábyrgð, gagnrýna hugsun og samskiptahæfileika. Forvarnarstarf ber ekki að skoða sem einangraðan þátt heldur sem hluta af margþættu uppeldisstarfi skólans.

Forvarnir eru mjög vítt hugtak. Gott uppeldi, góður skóli, þroskandi íþrótta -og tólmstundastörf, allt þetta og margt fleira getur fallið undir forvarnarstarfsemi. Því er mikilvægt að tengja forvarnir við sem flestar námsgreinar. Í þessu sambandi er rétt að benda á að góð samskipti við foreldra er veigamikill þáttur í að ná settu marki og í raun grundvöllur þess að árangur náist.

### Viðmið

- Að hvetja nemendur til að hafa jákvætt viðhorf til lífsins
- Að efla samskiptahæfni nemenda þ.e. að þeir geti sett sig í spor annarra og borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að efla sjálfsvitund svo að nemendur þori að fylgja sannfæringu sinni og virði viðhorf og tilfinningar hvers annars.
- Að efla tilfinningaleg og félagsleg tengsl nemenda og þar með auka líkur á að þeir kjósi heilbrigðan og jákvæðan lífsstíl.
- Að sýna nemendum fram á kosti þess að lifa heilbrigðu lífi t.d. án vímu og fíkniefna.
- Að nýta fyrirlestra um ýmis málefni er varða forvarnir.

## Skólareglur nemenda við Borgarhólsskóla

Við förum eftir fyrirmælum starfsmanna. 2. Við sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi. 3. Við mætum stundvíslega með viðeigandi námsgögn. 4. Við notum ekki hjól, hlaupahjól, hjólabretti eða línuskauta á leiksvæði skólans á skólatíma. 5. Við höfum slökkt á símanum og geymum hann ofan í tösku. 6. Við skiljum tyggjó, sælgæti og gos eftir heima. Við sérstakar aðstæður geta kennarar gert undantekningu. Tyggjó er þó leyfilegt á unglingsstigi. 7. Við notum ekki tóbak eða önnur vímuefni í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem verið er á vegum skólans.

### Viðurlög vegna brota á skólareglum

Brjótí nemandi skólareglu ber viðkomandi kennara eða starfsmanni að fylgja eftirfarandi vinnureglum til þess að tryggt sé að forráðamenn og umsjónarkennari fái vitneskju um málið. Bregðast skal við brotum á eftirfarandi hátt:

- 1.stig** Viðkomandi starfsmaður ræðir sérstaklega við nemanda og gerir honum grein fyrir alvarleika málsins. Umsjónarkennari er gert viðvart og atvikið skráð í Mentor.
- 2.stig** Við endurtekin brot hefur umsjónarkennari samráð við foreldra/forráðamenn um úrlausnir. Niðurstöður skráðar í Mentor.
- 3.stig** Ef ekki verður breyting á hegðun nemanda boðar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund þar sem málið verður tekið til umfjöllunar. Niðurstaða fundar er skráð í Mentor og tekið fram hvað nemandi ætlar að gera til að bæta stöðu sína.
- 4.stig** Beri ofangreind úrræði ekki viðunandi árangur er málinu vísað til skólastjóra. Skólastjóri getur vísað málinu til nemendaverndarráðs og/eða barnaverndarnefndar samkvæmt 14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008